

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

1. gr.

Orðið „prófasti“ í 2. ml. 15. gr. fellur brott.

2. gr.

Við 16. gr. bætist nýr málsl. svohljóðandi:

Hlutaðeigandi prófasti skal gefinn kostur á að lýsa við valnefndina sjónarmiðum sem varða prófastsdæmið í heild.

3. gr.

Við 18. gr. bætist: og umsækjendur.

4. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-hætti þjóðkirkjunnar öðlast gildi 1. janúar 2003.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.